

## Leshópar og lestrarátök á skólasafni

Veturinn 2021-2022

Umsjón: Sæfinna Ásbjörnsdóttir

Abyrgð: Sæfinna Ásbjörnsdóttir /Anna Rós Hallgrímsdóttir

Grunnskóli Vestmannaeyja - Barnaskóli

**Markmið verkefnis:** Auka áhuga nemenda á bókum og efla læsi.

**Leiðir til að ná markmiði:** Setja upp valfrjáls lestrarátök og lestrarátök í samvinnu við kennara. Bjóða upp á árgangaskipta leshópa og ýmis lestengd verkefni á safninu fyrir aðra en þá sem eru í fastri safnkennslu. Gera safnið meira aðlaðandi og skapa betra vinnuumhverfi fyrir nemendur. Mikilvægt er að efla samstarf við Bæjarbókasafn Vestmannaeyja sem og við önnur skólabókasöfn.

Ég byrjaði strax í haust á að hafa samband við tvo skóla þar sem ég hafði áhuga á að kynna mér starfsemina á safninu þeirra. Annar þeirra var Álftamýrarskóli en þar hafði ég heyrt af leshópum á miðstigi sem hefðu gengið vel. Hinn skólinn var Hvaleyrarskóli í Hafnarfirði þar sem safnið er sérstaklega aðlaðandi og safnvörðurinn leggur mikla vinnu í að nemendum finnist það vera upplifun að koma á safnið. Auk þess skráði ég mig í nám hjá Menntafléttunni: Lestrarsamfélagið, áhughvöt og áhrifavaldar. Það nám var einu sinni í mánuði þrjá tíma í senn auk vinnu sem þurfti að skila af sér og reyndist það mjög gagnlegt.

## Leshópar


Í samráði við kennara í 6 bekk setti ég upp leshópa sem tók fjórar vikur. Hópunum var skipt upp eftir getu og þau komu til mín 1x í viku eftir hádegi 6-10 í hóp. Þessi tími var fyrir utan safnkennslutíma. Bækurnar sem þau fengu voru mun auðveldari en ég hafði hugsað mér í upphafi en val á bókum var í samráði við kennara og með hliðsjón af hópnum í heild. Hugmyndin var að nemendur ættu að lesa heima fyrir hvern tíma og vera þá tilbúin í umræður en lítil áhersla var lögð á skrifleg verkefni. Ég var með fimm hópa, Hópur 1 og hópur 5 stóðu sig mjög vel, þar voru nemendur undirbúnir fyrir tíma. Í hóp 1 sköpuðust skemmtilegar umræður og fannst mér hópur 5 græða mikið á umræðum og þar rifjuðum við upp málfræðiatriði í sögunni og notuðum t.d. bolta. Milli hóparnir þrír voru illa undirbúnir nánast undantekningarlaust fyrir alla tíma. Vegna þessa var lítill áhugi og í þeim hópum komu upp hegðunarvandamál sem lituðu tímana.

Þetta verður þróað áfram á næsta ári, ég mundi vilja vinna með 7 bekk og reyna að fá foreldrana til að vinna meira með mér í þessu verkefni.

Ég uppfærði eitt verkefni sem til var hér í skólanum fyrir hóp 1 en notaði verkefni frá mms fyrir hina hópana.

[https://docs.google.com/document/d/1bYdKDz\\_QHf9p0KAXswu2EboZ2u6\\_DeQQA\\_W\\_oAWydabY/edit](https://docs.google.com/document/d/1bYdKDz_QHf9p0KAXswu2EboZ2u6_DeQQA_W_oAWydabY/edit)

## Uppáhaldsbókin mín



Í 5 bekk gerði ég verkefni sem heitir uppáhaldsbókin mín. Nemendur fengu það verkefni að skrifa niður nokkur atriði um sína uppáhaldsbók og síðan sögðu þau frá í forritinu Flipgrid og ég gerði kóða við hvert verkefni. Velheppnað verkefni, kóðarnir eru á safninu og nemendur sem koma á safnið skoða umfjöllun um þá bók sem þau vilja þegar þeim hentar.

<https://docs.google.com/document/d/1lYnLunOCTu22dIUg6H5n60kfnzU19iCWU8wBVg6FnU/edit>

## Bókahillan mín

Í vetur gerðu allir nemendur í 6.bekk sína bókahillu á google slides. Markmiðið með verkefninu var að nemendur, kennrarar og foreldrar héldu betur utan um hvað nemandinn væri að lesa.



[https://docs.google.com/presentation/d/1vYZBvTCIW9QN3Pkcrhs8cFVWcK5pgY\\_hUjN-aJc3NM/edit#slide=id.p](https://docs.google.com/presentation/d/1vYZBvTCIW9QN3Pkcrhs8cFVWcK5pgY_hUjN-aJc3NM/edit#slide=id.p)

## Hrekkjavökubema



Á hrekkjavökunni var samvinna milli skólabókasafnsins í Barnaskólanum, Bæjarbókasafnsins og upplýsingatækni kennara. Þar náðum við að gera mjög heildstætt verkefni og nýta forritin Goosechase, Pixton og Canva.

[https://docs.google.com/document/d/1HNpd8GB-t2jFyEwtwgdaP\\_2RN-KWSXyH\\_jLJyZIA4pM/edit](https://docs.google.com/document/d/1HNpd8GB-t2jFyEwtwgdaP_2RN-KWSXyH_jLJyZIA4pM/edit)

## Bókasafns -ratleikur

Ég bjó til ratleik fyrir miðstig til að vinna á vordögum. Nemendur fóru í þriggja manna hópa og köstuðu tening. Þau þurftu að leita úti að spjaldi með þeirri tölu sem þau lentu á. Þegar þau höfðu fundið spjaldið sögðu þau mér hvaða höfundur væri á spjaldinu og nefndu eina bók sem hann hefði skrifað. Þannig gekk leikurinn áfram þangað til einhver hópur komst upp í töluna 30.



## Jólalestur

Ég setti upp eitt valfrjálst lestrarátk á safninu fyrir miðstig. Nemendur gátu komið og fengið bókamerki og ef þau lásu fimm jólabækur fyrir jólin fengu þau viðurkenningu, sitt eigið jólasveinanafn og jólablýant.



## Allskonar verkefni

Auk þessara stóru verkefna unnum við í safnkennslunni í 6 bekk fjöldann allan af minni verkefnum, bæði verkefni sem ég hafði útbúið árið áður og einnig tilfallandi verkefni s.s. í tilefni menningarmóts í skólanum, evrópska tungumáladagsins, dagur læsis o.s.frv.



## Samstarf við Bókasafn

### Vestmannaeyja

Samstarfið var ekki eins mikið og við hefðum viljað. Við náðum þó að vinna saman í hrekkjavökuratleik og það nýtti allt miðstigið sér. Einnig setti starfsfólk Þ þar upp fjársjóðsleit fyrir firmta og sjötta bekk auch þess sem við fórum með þau í skemmtilegan bókaleik. Ég benti öllum kennurum á að fara á Bæjarbókasafnið fyrir sumarið með nemendur og nýtti miðstigið sér það og tóku starfsmenn á móti hópunum. Auk þess var ég með samstarf við Bókasafn Móðurmáls þar sem ég fékk sendar bækur á hinum ýmsu tungumálum eftir þörfum.

## Kynning á starfsemi safnsins

Í samstarfi við Guðbjörgu Guðmannsdóttur var kynning á tölvuveri/bókasafni fyrir starfsmenn skólans þar sem stefnan er á að safnið verði margmiðlunarsafn. Þar var var meðal annars facebooksíða safnsins kynnt

<https://www.facebook.com/groups/3261755190569355>

auk þess sem kennrarar gátu séð hvaða þjónustu við værum að bjóða upp á á safninu.

<https://docs.google.com/document/d/1oK8WoMjGGidhLsAnjfgPesktNqWlxgR61GhvOjMpaw/edit>

Við Guðbjörg buðum upp á kynningu á safninu á skóladaginn og þar fengum við mikinn fjölda af foreldrum og systkinum í heimsókn.



Auk þess hélt ég kynningu á hrekkjavökulestrarátki bæði hjá Menntafléttunni og einnig fyrir starfsfólk Grunnskólans í Dalvík sem komu hingað á vordögum.

### Aðbúnaður á safninu

Við höfum bætt aðstöðuna á safninu til að gera vinnuumhverfið meira aðlaðandi. Settum upp hljóðdempandi gardínur, ledljós í glugga og milli rýma. Keyptum hjólavagna fyrir töfl og spil og ýmislegt þemategnt dót. Það stendur til að kaupa læsta hirslu í sjónvarpsrýmið fyrir VR gleraugun og fleiri hluti sem okkur finnsta vanta. Einnig hélt ég áfram með höfund mánaðarins og þema mánaðarins á safninu auk þess að vekja áhuga á ákveðnum dögum sem mér fannst höfða til þeirra og ég gat tengt við lestur.

### Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun.

Mikil vinna og tími fór í að spritta tölvur og bækur á þessu ári. Einnig fékk ég mikið af aukahópum á safnið og stundum voru tveir til þrír námshópar í einu á safninu þegar mest var um forföll hjá starfsfólk. Það gefur auga leið að þá sinnti ég ekki þeim námshópi sem ég var að vinna með eins vel.

Vegna covid náði ég ekki að hafa lestrarbingó sem ég hafði hugsað mér að hafa í feb/mars. Það var verkefni sem Álftamýrarskóli hefur verið með í nokkuð mörg ár. Þetta bingó er eingöngu í skólanum og hefur gefist mjög vel. Þar eru margar skemmtilegar hugmyndir s.s. kakólestur á bókasafninu, lesið í glugga o.s.frv.

Einnig hef ekki náð að kaupa ýmislegt sem mig langar að hafa á safninu, s.s. stórt skákborð og meira af skrauti sem ég nýti í þemategdum verkefnum.

Þetta stendur allt til bóta á nýju skólaári.

Erfitt hefur verið að finna leiðir til að fá unglingsana til að taka sér bækur af innri hvöt. Mörg þeirra sækja sér aðallega bækur þegar þau eru að gera lestengd verkefni sem stýrð eru af kennara. Þau eru auðvitað í yndislestri og eru því alltaf með frjálslestrarbækur en hjá alltof mörgum er of lítil hreyfing á þeim. Ég ætla að vinna betur í þessu á næsta skólaári í samráði við deildarstjóra unglingsastigs.

## Hugmyndir fyrir næsta skólaár

- Stefnumót við bók - kennrarar
- Stefnumót við bók - unglingsastig (í samvinnu við deildarstjóra)
- Forms könnun verður lögð fyrir: Hver er uppáhaldsbókin þín og setja upp bókaflix útfrá þeirri könnun
- Setja upp Íslandskort og tengja sögusvið bóka við það (t.d. Víti í Vestmannaeyjum).
- Aukið samstarf við Bókasafn Vestmannaeyja, þar eru til verkefni sem við getum Drífa getum þróað áfram

## Afrakstur og ávinnungur fyrir skólastarf

Mikilvægt er að leita allra leiða til að vekja áhuga nemenda á lestri. Mér finnst að bókasafnið okkar eigi að vera „hjarta skólans“. Þar á nemendum að líða vel og mikilvægt að nemendur vilji koma á safnið bæði til að vinna að sjálfstýrandi verkefnum og að þar séu áhugaverð lestrarátök og leshópar í gangi.

Í 6 bekk er safnfræðsla og þar er ég að vinna með hæfniviðmið úr íslensku og samfélagsfræði sem mér finnst í samráði við umsjónarkennara hæfa best safnkennslu. Þetta léttir aðeins undir þeim kennurum þar sem ég hef t.d. tekið að mér kennslu í heimildavinnu og heimildalæsi.

Ég hef safnað mikið í verkefnabankann á þessu ári, eftir mikið tengslanet við aðra safnkennara og verður það til þess að það auðveldar mikið áframhaldandi vinnu á safninu, bæði fyrir mig og aðra kennara sem nýta sér safnið.

## Ráðstöfun styrks


Laun	430.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	Frítt nám og skólaheimsóknir
Ferðakostnaður	20.000
Pematengt skraut og hlutir á safnið	150.000

## Mat á verkefninu/ lokaorð

Ég er stolt af vinnu minni á bókasafninu og ánægð með hvernig til hefur tekist. Á safninu er góður andi og þar velja nemendur oft að koma til að vinna. Mikil aukning hefur verið á að nemendur komi inn á safnið og taki sér bækur frá því að ég hóf starf mitt þar. Þau eru fróðari um höfunda og vita betur hvað þau vilja lesa. Á miðstigi er mikill áhugi þegar ég kem með þemategna daga eða set upp þema mánaðarins. Einnig hefur aðstaða fyrir unglungana orðið miklu meira aðlaðandi og þau sækja mikið í að vinna á safninu þegar þeim býðst að velja vinnusvæði.

Ég vil því þakka fjölskyldu- og fræðslusviði Vestmannaeyja fyrir að styrkja mig við þessa mikla vinnu sem þurfti til í upphafi til að skólasafn Barnaskóla Vestmannaeyja yrði að því safni sem það er í dag.


## Sumarþema



## Ofurhetjudagurinn




## 112 dagurinn



## Áfram Ísland



## Bleikur október



## Höfundur mánaðarins / þema mánaðarins

